

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. nóvember 2021

Mál nr. S-2541/2021:

Héraðssaksóknari

(Halldór Rósmundur Guðjónsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Hjörleifi Harðarsyni og

(Einar Oddur Sigurðsson lögmaður)

Þóri Heiðari Þorsteinssyni

(Höskuldur Þór Þórhallsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 21. október sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 6. maí 2021, á hendur Hjörleifi Harðarsyni, kt. [...], [...], [...]og Þóri Heiðari Þorsteinssyni, kt. [...], [...], [...], fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum og fyrir peningaþvætti í rekstri einkahlutafélagsins PT-ferða ehf., kt. [...], nú þrotabú, rekstrarárin 2017 og 2018, á hendur ákærða Hjörleifi sem daglegum stjórnanda, stjórnarformanni og prókúruhafa félagsins rekstrarárin 2017 og 2018 og ákærða Þóri Heiðari sem starfandi framkvæmdastjóra, fram til desember 2017, og jafnframt stjórnarmanni og prókúruhafa félagsins með því að hafa:

1. Eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti á lögmæltum tíma sem innheimta bar í rekstri einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilanna mars-apríl, maí-júní og júlí-ágúst rekstrarárið 2018, í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð 6.226.043 kr., sem sundurliðast sem hér greinir:

mars-apríl	kr.	1.121.162
maí-júní	kr.	1.146.675
júlí- ágúst	kr.	3.958.206

Samtals: kr. 6.226.043

2. Eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra

gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins, greiðslutímabilin maí til og með október rekstrarárið 2017 og júní til og með september rekstrarárið 2018, samtals að fjárhæð 29.083.112 kr. hvað varðar ákærða Þóri Heiðar og samtals að fjárhæð 42.677.748 kr. að því er varðar ákærða Hjörleif. Fjárhæðirnar sundurliðast sem hér greinir:

2017	Hvað varðar	Hjörleif:	2017	Hvað varðar Þóri Heiðar:
maí	kr.	4.511.483	maí	kr. 4.564.390
júní	kr.	5.342.098	júní	kr. 5.395.005
júlí	kr.	5.090.216	júlí	kr. 5.143.123
ágúst	kr.	4.829.160	ágúst	kr. 4.882.067
september	kr.	4.730.903	september	kr. 4.783.810
október	kr.	4.261.810	október	kr. 4.314.717
	kr.	28.765.670		kr. 29.083.112
2018				
júní	kr.	3.541.980		
júlí	kr.	3.529.227		
ágúst	kr.	3.492.552		
september	kr.	3.348.319		
	kr.	13.912.078		
Samtals:	kr.	42.677.748		

3. Fyrir peningþvætti með því að hafa aflað PT-ferða ehf. ávinnings af brotum samkvæmt 1. og 2. tölulið ákæru samtals að fjárhæð 48.903.791 kr. að því er varðar ákærða Hjörleif og samtals að fjárhæð 29.083.112 kr. að því er varðar ákærða Þóri Heiðar og nýtt ávinninginn í þágu reksturs einkahlutafélagsins eða eftir atvikum í eigin þágu.

Framangreind brot ákærða Hjörleifs samkvæmt 1. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Framangreind brot ákærðu samkvæmt 2. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Framangreind brot ákærðu samkvæmt 3. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærða Hjörleifs krefst aðallega sýknu af þeim hluta ákæruliðar 2 er varðar skil á staðgreiðslu opinberra gjalda með greiðslutímabilin maí til og með október 2017. Þá krefst hann þess að ákærði verði sýknaður af ákærulið 3. Til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og einnig vegna þeirra sakargifta þar sem ákærði játar sök. Komi til refsingar í málinu er þess krafist að hún verði alfarið bundin skilorði. Þá krefst hann þess að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun.

Verjandi ákærða Þóris krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og ef til fangelsisrefsingar kemur að hún verði skilorðsbundin að öllu leyti. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun.

Málsatvik

Með kæru þann 24. júní 2019 vísaði skattrannsóknarstjóri ríkisins máli PT-ferða ehf. til héraðssaksóknara til rannsóknar. Bú PT-ferða ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 17. október 2018.

Í kærinni kemur fram að tilefni rannsóknar skattrannsóknarstjóra hafi verið ákvörðun embættisins um að rannsaka skil afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda og innheimts virðisaukaskatts, en ákvörðunin hafi byggst á sjálfstæðri athugun á skattskilum skattaðila. Rannsóknin hafi byrjað 16. janúar 2019 með því að send hafi verið tilkynning til skiptastjóra þrotabús skattaðila.

Ákærðu hafi verið tilkynnt um lok rannsóknar og fyrirhugaða ákvarðanatöku um refsimeðferð í málinu og leitað eftir því að þeir tjáðu sig um refsimeðferðina, með bréfum 22. maí 2019. Athugasemdir hafi borist frá verjanda ákærða Hjörleifs en bréf ákærða Þóris Heiðars hafi verið endursent með athugasemdinni „farinn“.

Rannsókn skattrannsóknarstjóra hafi m.a. leitt í ljós að vanrækt hafi verið að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda innan lögboðins frests til ríkissjóðs fyrir tímabilin maí, júní, júlí, ágúst, september og október rekstrarárið 2017 og júní, júlí, ágúst og september rekstrarárið 2018. Rannsóknin hafi einnig leitt í ljós að af hálfu skattaðila hafi verið vanrækt að standa skila á virðisaukaskatti innan lögboðins frests til ríkissjóðs fyrir uppgjörstímabilin mars-apríl, maí-júní og júlí-ágúst rekstrarárið 2018. Samkvæmt rannsókn skattrannsóknarstjóra hafi vangoldin afdregin staðgreiðsla numið samtals 45.263.695 krónum og vangoldinn innheimtur virðisaukaskattur samtals 6.226.043

krónum. Afdregin staðgreiðsla af launum fyrrum fyrirsvarsmanna skattaðila hafi numið samtals 3.970.699 krónum.

Ákærði Hjörleifur hafi verið stjórnarformaður skattaðila og handhafi prókúruumboðs allan rannsóknartímamann og ákærði Þórir Heiðar hafi verið skráður framkvæmdastjóri með prókúru er um ræddi vanskil staðgreiðslu fyrir tímabilin maí, júní, júlí, ágúst, september og október rekstrarárið 2017. Það sé mat skattrannsóknarstjóra að ákærðu hafi komið framangreindum vanhöldum til leiðar með saknæmum hætti, að því er frekast verði séð af ásetningi eða í það minnsta af stórkostlegu hirðuleysi og með því bakað sér refsíabyrgð.

Í málinu liggja frammi yfirlit lögreglu yfir afdregna en vangoldna staðgreiðslu opinberra gjalda af launþegum rekstrartímabilin maí til og með október 2017 og júní til og með september 2018, auk skilaskylds virðisaukaskatts vegna tímabilanna mars-apríl til og með júlí-ágúst 2018.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærði Hjörleifur játar sök í ákærulið 1 og ákærulið 2 að því er varðar árið 2018 en neitar sök skv. ákærulið 2 að því er varðar árið 2017 og ákærulið 3. Hann kvað þá meðákærða hafa stofnað félagið saman ásamt þriðja manni. Skýr verkaskipting hefði verið á milli þeirra. Það hefði verið hans hlutverk að halda utan um bílaflotann og sjá um akstur. Meðákærði hefði verið framkvæmdastjóri eftir að sá þriðji hefði hætt. Árið 2017 hefði meðákærði séð um að greiða skatta og gjöld félagsins en á árinu 2018 hefði það verið á hans ábyrgð. Fyrri hluta ársins 2017 hefðu stefnuvottar farið að birtast á heimili hans vegna skulda félagsins. Hann hefði farið með bréf þeirra til meðákærða sem hefði sannfært hann um að allt yrði í lagi. Þeir hefðu rætt saman um fjármál félagsins en það hefði yfirleitt verið á hlaupum. Þeir hefðu ekki rætt sérstaklega um hvort greiða ætti staðgreiðslu opinberra gjalda og hann hefði ekki vitað af skuldinni vegna þeirra. Meðákærði hefði ávallt róað hann og eftir að maður hefði komið til starfa til að aðstoða meðákærða við að koma rekstrinum í rétt horf hefði hann minna fylgst með. Sá maður hefði hins vegar horfið skyndilega á haustmánuðum og þegar hann hefði hitt hann nokkrum mánuðum síðar hefði hann sagt að meðákærði hefði ekki staðið við greiðslusamkomulög sem hann hefði gert fyrir félagið. Um haustið hefði skyndilega borist tilkynning um að til stæði að innsigla félagið vegna skattaskulda. Hann hefði ekki vitað af skattaskuldum fyrr en þann dag. Hann hefði farið ásamt meðákærða og markaðsstjóra félagsins, A, til að semja um skuldina, sem hefði verið umtalsvert hærri en hann hefði haldið. Samið hefði verið um skuldina en samkvæmt því hefðu innborganir átt að fara inn á elstu gjalddaga. Hann viti ekki betur en að svo hafi verið gert þótt hann hefði sjálfur viljað að greiðslurnar færu inn á seinni gjalddaga. Í kjölfar þessa hefði meðákærði farið í veikindaleyfi. Hann hefði þá tekið við rekstri félagsins og fengið

aðstoð A. Hann hefði þá fyrst fengið aðgang að heimabanka félagsins. Í desember hefði meðákærði mætt og ætlað að halda áfram störfum. Hann hefði hins vegar verið ósáttur við störf hans og því sagt honum upp. Hann hefði reynt allt til að rétta hlut félagsins en róðurinn hefði farið að þyngjast árið 2018 og á endanum hefði reksturinn ekki gengið og félagið farið í þrot í október 2018. Ástæða þess að skattar og gjöld hefðu ekki verið greidd hefði einfaldlega verið ónógt tekjuflæði. Hann hefði ætlað sér að greiða skuldirnar þegar meiri tekjur bærust. Féð hefði farið í að halda rekstrinum gangandi. Borin voru undir ákærða yfirlit yfir vangoldinn virðisaukaskatt og afdregna staðgreiðslu félagsins. Ákærði kvaðst ekki hafa forsendur til að gera athugasemdir við þær tölur sem þar væru greindar.

Ákærði Þórir Heiðar neitar sök. Hann kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri félagsins og séð um daglegan rekstur. Verkaskipting hefði þó ekki verið skýr milli hans og meðákærða heldur hefðu þeir báðir verið í ýmsum verkefnum. Bókhaldsþjónusta hefði séð um að reikna skatta og staðgreiðslu og hann séð um greiðslur. Hann kvað vandamál félagsins hafa komið til á vormánuðum 2017 þegar stærsti viðskiptavinur þess hefði talið sig hafa ofgreitt því og greiðsla sem hefði átt að vera 25 til 27 milljónir hefði lækkað í 19 milljónir. Þetta hefði gengið til baka síðar, en félagið hefði engu að síður orðið fyrir miklu tekjutapi. Til hefði staðið að fá bankalán en það hefði ekki gengið eftir. Þeir meðákærði hefðu rætt fjármál félagsins ítarlega og tekið sameiginlega ákvörðun um að fresta staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2017. Hann hefði svo sjálfur farið í veikindaleyfi í nóvember 2017 og ekki komið neitt að rekstrinum eftir það. Fyrir veikindaleyfið hefði hann komið að samkomulagi við Skattinn um greiðslur vanskila en hann hefði verið orðinn veikur þegar það hefði verið undirritað. Fram að því hefði ávallt verið greitt upp í elstu skuld og hann hefði reiknað með að staðið væri við samkomulagið. Hann hefði ætlað sér að mæta aftur til vinnu um miðjan desember en meðákærði hefði ekki viljað það.

Vitnið A, fyrrverandi sölu- og markaðsstjóri TP-ferða, kvaðst hafa farið að aðstoða við rekstur félagsins á vormánuðum 2017 í kjölfar tekjubrests vegna endurútreiknings stærsta viðskiptavinar þess. Hann hefði unnið að rekstrinum með ákærða Þóri Heiðari en á þeim tíma hefði ákærði Hjörleifur séð um bílaflotann og verið mikið úti. Fjármál félagsins hefðu ekki verið rædd við ákærða Hjörleif, en vitnið kvaðst ekki þekkja til þess hvernig staðið hefði verið að ákvörðun um að greiða ekki skattaskuldir. Ákærði Hjörleifur hefði svo tekið við rekstrinum í lok árs 2017 í kjölfar þess að til hefði staðið að innsigla félagið vegna tugmilljóna skattaskulda. Hann hefði verið beðinn um að koma með ákærðu að því máli og ræða við skattayfirvöld. Skuldin hefði verið mun hærri en hann hefði búist við og hún hefði virst koma ákærða Hjörleifi mikið á óvart. Til hefði staðið að fá bankalán sem ákærði Þórir hefði talið að myndi leysa vandamál félagsins. Hann teldi þó að framúrkeyrslan hefði verið mun meiri og lánið hefði ekki dugað til, þótt það hefði hjálpað. Heildarvanskil félagsins hefðu verið um

140.000.000 króna en stíf skuldasöfnun hefði verið á árinu 2017. Reynt hefði verið að bjarga félaginu en ekki hefði verið hægt að standa við greiðslusamkomulög vegna fjármagnsskorts. Hann kvaðst telja að greiðslum frá félaginu vegna skattaskulda hefði verið ráðstafað þannig að greitt væri inn á ný greiðslutímabil og elstu gjalddaga, en skattayfirvöld hefðu séð um það og þeir hefðu ekki getað haft áhrif á það.

Niðurstaða

Ákærðu eru í máli þessu gefin að sök meiri háttar brot gegn skattalögum og peningaþvætti í rekstri einkahlutafélagsins PT-ferða ehf. árin 2017 og 2018. Brot ákærða Hjörleifs eru talin varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og brot ákærða Þóris Heiðars við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, en auk þess eru brot þeirra heimfærð til 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Þórir Heiðar hefur alfarið neitað sök í málinu. Ákærði Hjörleifur játar sök í ákærulið 1 og ákærulið 2 að því er varðar árið 2018, en neitar sök skv. ákærulið 2 að því er varðar árið 2017 og ákærulið 3. Sannað er með játningu ákærða Hjörleifs og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þeim ákæruliðum og eru þau brot rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Tölur í ákæru eru í samræmi við gögn málsins og gera ákærðu engar athugasemdir varðandi þá niðurstöðu.

Samkvæmt gögnum frá fyrirtækjaskrá var ákærði Hjörleifur stjórnarformaður félagsins og ákærði Þórir Heiðar stjórnarmaður, auk þess sem hann var starfandi framkvæmdastjóri félagsins fram til desember 2017. Báðir ákærðu voru með prókúru vegna félagsins. Ákærðu stofnuðu félagið saman árið 2015, ásamt þriðja aðila sem á þessum tíma var farinn út úr félaginu. Félagið rak ferðaþjónustu og má ráða af framburði fyrir dómi að ákærðu skiptu með sér verkum í rekstrinum þannig að ákærði Hjörleifur sá um rekstur bifreiða félagsins og akstur, en dagleg stjórn félagsins var í höndum ákærða Þóris Heiðars þar til hann hætti störfum í lok árs 2017. Ljóst er að farið var að halla verulega undan fæti í rekstri félagsins á árinu 2017. Óumdeilt er að það var í höndum ákærða Þóris Heiðars að greiða reikninga, laun starfsmanna og önnur gjöld, en hann naut aðstoðar bókhaldsþjónustu við færslu bókhalds og gerð skilagreina. Fyrir liggur að ákærði Hjörleifur virkjaði aðgang sinn að netbanka félagsins ekki fyrr en 28. nóvember 2017, eða um það leyti sem honum varð ljós skuld félagsins við skattayfirvöld og ákærði Þórir Heiðar fór í veikindaleyfi. Ákærði Þórir Heiðar kom ekki að fjármálum félagsins eftir þann tíma.

Ákærði Hjörleifur byggir sýknukröfu sína á því að ákærði Þórir Heiðar hafi einn stýrt daglegum rekstri félagsins og honum hafi sjálfum ekki verið ljós staða þess eða vanskil á staðgreiðslu opinberra gjalda fyrr en til hafi staðið að innsigla rekstur félagsins vegna skattaskulda í lok nóvember 2017. Fram kom hjá ákærða fyrir dóminum að þegar á fyrri hluta ársins 2017 hefðu honum farið að berast innheimtubréf og stefnuvottar hefðu farið að birtast á heimili hans með stefnur á hendur félaginu. Hann kvaðst hafa rætt um stöðuna við meðákærða en það hafi einungis verið á hlaupum og meðákærði hefði sannfært hann um að þessi mál yrðu leyst. Þá hefði verið fenginn maður til aðstoðar við að leysa úr fjármálum félagsins og hann hefði treyst á að þeir myndu greiða úr stöðunni. Ákærði Þórir Heiðar kvað þá meðákærða hafa rætt í þaula um stöðu félagsins og ákvörðun um að fresta staðgreiðslu opinberra gjalda hefði verið tekin af þeim sameiginlega. Ekkert hefur komið fram í málinu sem staðfestir þann framburð ákærða Þóris Heiðars að ákærði Hjörleifur hafi komið að framangreindri ákvörðun um frestun greiðslna. Hins vegar er ljóst með framburði ákærða Hjörleifs sjálfs að hann hafði vitneskju um slæma fjárhagsstöðu félagsins og hafði möguleika á að hafa áhrif á hana. Hann var á þessum tíma stjórnarformaður félagsins og með prókúru. Hann hefði því getið kynnt sér stöðuna nánar og virkjað aðgang sinn að netbanka félagsins, en það gerði hann ekki fyrr en til stóð að innsigla starfsstöð félagsins vegna skulda. Fram að þeim tíma treysti hann meðákærða til að annast um fjármál félagsins þrátt fyrir að vera ljós alvarleg staða þess.

Stjórnarmenn einkahlutafélaga bera almennt ábyrgð á því að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, sbr. 1. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, þar á meðal að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Fyrir liggur að félagið var í jafnri eigu ákærðu sem skiptu með sér verkum í starfseminni. Ljóst er að báðir ákærðu voru meðvitaðir um að staða félagsins fór versnandi á árinu 2017. Þótt greiðslur reikninga og gjalda væru í höndum ákærða Þóris Heiðars hafði ákærði Hjörleifur fullt tækifæri til að fylgjast með fjárhagsstöðu félagsins. Bera því báðir ákærðu fulla ábyrgð á skattskilum félagsins sem eigendur þess, stjórnarmenn og daglegir stjórnendur á árinu 2017 í samræmi við ákæru. Máttu þeir því báðir vita hver skuldastaða félagsins var gagnvart innheimtumanni ríkissjóðs þótt hún hafi komið ákærða Hjörleifi á óvart er til stóð að innsigla félagið í nóvember 2017. Þá hirtu þeir ekki um þær skyldur sem á þeim hvíldu samkvæmt lögum nr. 138/1994 sem stjórnarmenn í félaginu. Verður því talið að ákærðu hafi borið sameiginlega ábyrgð á rekstri félagsins á árinu 2017.

Ákærði Þórir Heiðar byggir sýknukröfu sína m.a. á því að samið hafi verið um greiðslu skattaskulda í lok árs 2017. Eftir það hafi hann horfið frá rekstrinum en mátt treysta því að staðið yrði við samkomulagið. Þá hafi greiðslur sem félagið hafi innt af hendi, alls 55. 638.291 króna, átt að duga til að greiða allan höfuðstól skuldar félagsins

fyrir árið 2017, sem hafi verið 30.467.864 krónur. Telur hann að reglum nr. 797/2016 um greiðsluforgang og skuldajöfnun skatta og gjalda ekki hafa verið fylgt. Í framangreindum reglum er mælt fyrir um að greiðslur sem aðeins nægi fyrir hluta af heildarskuld skuli alltaf ganga upp í elsta ár eða tímabil þannig að fyrst greiðist kostnaður, síðan höfuðstóll, svo álag og loks vextir. Fram kom hjá ákærða Hjörleifi og vitninu A að skattayfirvöld hefðu ráðstafað innborgunum í samræmi við þessar reglur, þannig að greiðslur hefðu farið í að greiða ný greiðslutímabil og svo elstu skuld. Þótt ákærði Hjörleifur hafi ekki verið viss um hvort greiðslum hefði ávallt verið ráðstafað með þessum hætti taldi vitnið A að svo hefði verið og þeir hefðu ekki haft neitt um það að segja. Hefur ekkert komið fram fyrir dóminum sem staðfestir að greiðslum hafi verið ráðstafað gegn framangreindum reglum. Jafnframt er ekkert fram komið sem bendir til þess að félagið hafi vísvitandi verið gert gjaldþrota. Brot ákærðu voru fullframin með því að lögboðnar greiðslur voru ekki inntar af hendi á eindaga.

Í samræmi við það sem hér hefur verið rakið verða sagnæmisskilyrði 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga um ásetning og stórfellt gáleysi, sbr. 2. mgr. 30 gr. laga nr. 45/1987, talin uppfyllt hvað báða ákærðu varðar og talið að þeir hafi sýnt af sér stórfellt hirðuleysi. Þá teljast brot þeirra meiri háttar í skilningi 1. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940 þegar litið er til þeirra fjárhæða sem um ræðir. Verða ákærðu því sakfelldir fyrir brotin í 2. lið ákærunnar og eru þau rétt heimfærð til refsíákvæða.

Í 3. lið ákærunnar er ákærðu gefið að sök peningþvætti samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. laga nr. 19/1940, með því að hafa aflað félaginu ávinnings af brotum samkvæmt 1. og 2. tölulið ákærunnar og nýtt ávinninginn í þágu reksturs einkahlutafélagsins eða eftir atvikum í eigin þágu. Ákærðu byggja á því að ákvæði 262. gr. almennra hegningarlaga tæmi sök gagnvart ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. laganna um peningþvætti og vísa m.a. um það til dóma Landsréttar frá 4. júní 2020 í málum nr. 331/2020, 332/2020 og 333/2020. Sækjandi hafnar því að 262. gr. almennra hegningarlaga tæmi sök gagnvart 264. gr. laganna og vísar m.a. til dóms Hæstaréttar frá 25. mars 2021 í máli nr. 29/2020 og nýlegs dóm Landsréttar frá 8. október sl. í máli nr. 751/2020.

Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almenna hegningarlaga skal hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögnum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu eða ráðstöfun ávinnings sæta fangelsi allt að 6 árum. Í 2. mgr. segir að sá sem framið hefur frumbrot og fremur jafnframt brot skv. 1. mgr. skuli sæta sömu refsingu og þar greinir. Ákvæði 77. gr. gildi þá eftir því sem við á. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 149/2009 sem breyttu ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga, kemur fram að við túlkun einstakra verknaðarþátta verði að horfa til þess að

peningaþvætti sé í megindráttum hver sú starfssemi sem lúti að því að fela uppruna og eiganda fjár sem sé ávinningur af brotastarfsemi.

Sú háttsemi ákærðu að nýta ávinning af brotum gegn 262. gr. almennra hegningarlaga í þágu félagsins fellur hlutrænt séð undir 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. almennra hegningarlaga. Í málinu hefur ekki annað komið fram en að það fé sem ekki voru staðin skil á til innheimtumanns ríkissjóðs hafi verið notað í rekstur félagsins og er ekki að sjá að til neinna viðbótarathafna hafi komið í þeim tilgangi að fela uppruna og eiganda fjárins. Eru atvik málsins því með sambærilegum hætti og í dómum Landsréttar í málum nr. 331/2020, 332/2020 og 333/2020. Atvikin virðast hins vegar ósambærileg við dóm Landsréttar í máli nr. 751/2020 þar sem ákærði greindi frá því að hafa ráðstafað ávinningi skattalagabrota ýmist til eigin nota, til reksturs félags eða í sjálfstæða starfssemi sína, og tók m.a. stóran hluta fjármunanna út af bankareikningi félagsins í reiðufé, og dóm Hæstaréttar í máli nr. 29/2020. Verður því að telja að hér séu atvik með þeim hætti að brot ákærðu gagnvart 264. gr. almennra hegningarlaga falli saman við brot þeirra gagnvart 262. gr. laganna. Þar sem þannig háttar til verður að telja að ákvæði 262. gr. almennra hegningarlaga tæmi sök gagnvart 264. gr. laganna.

Ákærði Hjörleifur er fæddur í júní 1961 og ákærði Þórir Heiðar er fæddur í september 1971. Hvorugur þeirra hefur áður sætt refsingu. Við ákvörðun refsingar verður m.a. litið til þeirra fjárhæða sem um ræðir, en brot ákærða voru stórfelld, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, og einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, með hliðsjón af þeim. Þá verða hafðar í huga þær tafir sem urðu á meðferð málsins. Þykir refsing ákærða Hjörleifs hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá verður ákærða jafnframt gert að greiða sekt sem ákvörðuð verður í samræmi við dómaframkvæmd 69.000.000 króna sem greiðist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæta ella fangelsi í 360 daga. Þá þykir refsing ákærða Þóris Heiðars hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá verður ákærða Þóri Heiðari jafnframt gert að greiða sekt sem ákvörðuð verður í samræmi við dómaframkvæmd 29.000.000 króna sem greiðist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæta ella fangelsi í 330 daga.

Ákærði Hjörleifur greiði málsvarnarlaun skipað verjanda síns, Einars Odds Sigurðssonar lögmanns, 3.840.280 krónur, og ákærði Þórir Heiðar greiði málsvarnarlaun skipað verjanda síns, Höskuldar Þórs Þórhallssonar lögmanns, 3.840.280 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ekki leiddi annan kostnað af meðferð málsins.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Halldór Rósmundur Guðjónsson saksóknarfulltrúi.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Hjörleifur Harðarson, sæti fangelsi í átta mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Þórir Heiðar Þorsteinsson, sæti fangelsi í sex mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Hjörleifur greiði 69.000.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði Þórir Heiðar greiði 29.000.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 330 daga.

Ákærði Hjörleifur greiði málsvarnarlaun skipað verjanda síns, Einars Odds Sigurðssonar lögmanns, 3.840.280 krónur.

Ákærði Þórir Heiðar greiði málsvarnarlaun skipað verjanda síns, Höskuldar Þórs Þórhallsssonar lögmanns, 3.840.280 krónur.